

REGLUGERÐ

um gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Virðisaukaskattur og gistináttaskattur er innifalinn í gjaldi samkvæmt 2. gr. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldi samkvæmt 3. og 4. gr.

2. gr.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldstæði á þjónustusvæði A í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	kr.	1.750
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	1.000
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	kr.	1.500

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjálst. Veittur er 300 kr. afsláttur af gjaldi fyrir hverja aukanótt ef greitt er samtímis fyrir allar næturnar.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldstæði á þjónustusvæði B í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	kr.	1.500
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	800
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	kr.	1.250

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjálst. Veittur er 300 kr. afsláttur af gjaldi fyrir hverja aukanótt ef greitt er samtímis fyrir allar næturnar.

Gjald fyrir hverja gistieiningu í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl á þjónustusvæðum A og B er 500 kr. á nótt.

Gjald fyrir gistingu í skála A í eina nótt. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	kr.	5.000
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	2.500
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	kr.	4.000

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að skála A er gjaldfrjálst. Veittur er 300 kr. afsláttur af gjaldi fyrir hverja aukanótt ef greitt er samtímis fyrir allar næturnar.

Gjald fyrir gistingu í skála B í eina nótt. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	kr.	4.000
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	2.000
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	kr.	3.250

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að skála B er gjaldfrjálst. Veittur er 300 kr. afsláttur af gjaldi fyrir hverja aukanótt ef greitt er samtímis fyrir allar næturnar.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

1.	Sturtugjald, eitt skipti	kr.	300
2.	Rafmagn á tjaldsvæði, pr. sólarhring	kr.	1.000

3.	Afnot af þvottavél, eitt skipti	kr.	500
5.	Afnot af þurrkara, eitt skipti	kr.	500
5.	Afnot af aðstöðu í skála, einn dagur (án gistingar)	kr.	500
6.	Útseld vinna sérfræðinga	kr.	16.000
7.	Útseld vinna landvarða	kr.	12.000
8.	Útgáfa leyfa, stór verkefni	kr.	50.000
9.	Útgáfa leyfa, lítil verkefni	kr.	10.000
10.	Aðgangur að íshellum, pr. mann	kr.	1.000
	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	500

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að íshellum er gjaldfrjálts.

Sturtugjald er innifalið í tjaldsvæðisgjaldi á þjónustusvæði A, sbr. 2. gr.

4. gr.

Svæðisgjald í Skaftafelli (sólarhringsgjald frá kl. 00.00 - 24.00):

1.	Flokkur A - Fólksbifreið, 5 manna og færri	kr.	750
2.	Flokkur B - Fólksbifreið, 6-9 manna	kr.	1.000
3.	Flokkur C - Rúta, 10-18 manna	kr.	1.800
4.	Flokkur D - Rúta, 19-32 manna	kr.	3.500
5.	Flokkur E - Rúta, 33-64 manna	kr.	6.400
6.	Flokkur F - Rúta, 65 manna og fleiri	kr.	9.000
7.	Bífhjól	kr.	300

Svæðisgjald er innifalið í tjaldsvæðisgjaldi, sbr. 2. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 715/2018 um gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 6. maí 2019.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.